

landsins ríkari en gerðarþola, en gerðarbeiðendum aðrar réttarfarsleiðir opnar til að ná fram rétti sínum.

Þer því að hafna því, að umbeðin lögbannsgerð nái fram að ganga, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Úrskurðarorð:

Umbeðið lögbann skal eigi ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 27. apríl 1972.

Nr. 88/1971. **Herbert J. Stiefel**

(Hörður Ólafsson hrl.)

gegn

Álafossi h/f

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús Þ. Torfason, Þórður Björnsson yfirsakadómari og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Umboðslaun. Þóknun. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 13. apríl 1971. Útivist varð í því máli 2. júní 1971. Með stefnu 30. júní 1971 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962. Krefst hann þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum „5% umboðslaun af sölu“ hans „til fyrirtækisins Reynolds Yarns Inc. á árinu 1968, eða \$ 2.267.59 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags“. Til vara krefst áfrýjandi „lægri umboðslauna en 5% úr hendi stefnda og til þrautavara „þóknunar“ úr hendi stefnda. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi máls-

kostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, hafa áfrýjandi og fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, Ásbjörn Sigurjónsson, þekkt um nokkurt skeið og átt saman viðskipti. Á árunum 1967 og 1968 vann stefndi að því að afla sér viðskiptasambanda í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og koma framleiðsluvörum sínum þar á markað. Í septembermánuði 1967 var áfrýjandi staddur hér á landi og ræddi þá við framkvæmdastjóra stefnda. Afhenti framkvæmdastjórinn þá áfrýjanda nokkur sýnishorn af framleiðsluvörum sínum. Í bréfi stefnda til áfrýjanda, undirrituðu af framkvæmdastjóranum, dagsettu 4. september 1967, segir svo m. a. í þýðingu löggilts skjalapýðanda: „Þegar ég var í stuttri heimsókn í bankanum í morgun, spurðu þeir mig, hvað um Bandaríkin? Ég sagði þeim, að þú ætlaðir að hjálpa okkur að finna réttu viðskiptasamböndin. ... Ég veit í rauninni ekki, hvað til bragðs á að taka, en þú hefur sýnishornin með þér og getur athugað, hvað unnt er að gera ...“. Áfrýjandi hafði síðar samband við fyrirtækið Reynolds Yarns Inc. og sýndi fyrir-svarsmönnum þess fyrirtækis umrædd sýnishorn. Hinn 18. september 1967 ritaði fyrirtæki þetta framkvæmdastjóra stefnda bréf, þar sem segir svo:

„Herra Herbert Stiefel hjá Stiefel-Raymond Co. hefur beðið mig um að skrifa yður viðvíkjandi Álafoss-garni yðar, sem ég hef mjög mikinn áhuga á.

Við skoðuðum pakkana, sem þið hafið, og við teljum, að þeir hafi mikla möguleika hér í Bandaríkjunum, sömuleiðis sala á garninu sjálfu.

Við mundum auðvitað sjálfir þurfa að annast listræn atriði og láta pakka vöruna með okkar eigin merkjum. Herra Stiefel stakk upp á, að það mundi verða miklu betra, að þér kæmuð hingað og rædduð þetta við mig sjálfir fremur en í gegnum milligöngumann.

Með von um svar frá yður fljótlega er ég ...“.

Ekki kemur fram, hvort bréfi þessu hafi verið svarað, og

áfrýjandi virðist ekki hafa haft frekara samband við Reynolds Yarns Inc. um mál þessi.

Að tilhlutan stefnda höfðu aðrir aðilar í Bandaríkjunum Norður-Ameríku samband við Reynolds Yarns Inc. í því skyni að stofna til viðskiptasambands milli þess fyrirtækis og stefnda. Lauk þeim samningum þannig á árinu 1968, að Reynolds Yarns Inc. hóf kaup á verulegu magni af framleiðsluvörum stefnda.

Ósannað er, að stefndi hafi lofað áfrýjanda umboðslaunum af verði þeirra vara, er áfrýjanda tækist að afla markaðar fyrir. Hins vegar er ljóst, að aðilar urðu ásáttir um, að áfrýjandi leitaði eftir viðskiptasamböndum í Bandaríkjunum, og gat stefndi eigi vænt þess, að áfrýjandi inni að þessu án þóknunar. Áfrýjandi vann nokkuð að sölumálum þessum, m. a. ræddi við fyrirsvarsmenn Reynolds Yarns Inc. og sýndi þeim framleiðsluvörur stefnda. Samkvæmt bréfi þess fyrirtækis frá 18. september 1967, sem að framan er rakið, hefur þessi kynning vakið áhuga fyrirtækisins á viðskiptum við stefnda, þótt eigi yrði af frekari samningum fyrir atbeina áfrýjanda. Þegar til þessa er litið, þykir áfrýjandi eiga rétt á nokkurri þóknun úr hendi stefnda fyrir starfa sinn og fyrirhöfn í þessu sambandi. Þykir sú þóknun hæfilega ákveðin kr. 40.000.00, sem stefnda ber að greiða með 7% ársvöxtum frá stefnudegi 5. júní 1969 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 35.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Álafoss h/f, greiði áfrýjanda, Herbert J. Stiefel, kr. 40.000.00 með 7% ársvöxtum frá 5. júní 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 22. febrúar 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. febrúar s.l., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Austurstræti 14, Reykjavík, höfð-

að fyrir Herbert J. Stiefel, 370 Lexington Avenue, New York, fyrir sjó- og verzlunardóminum með óbirttri stefnu, dags. 5. júní 1969, gegn Pétri Péturssyni, Stigahlíð 57, Reykjavík, framkvæmdastjóra Álafoss h/f, Reykjavík, fyrir hönd Álafoss h/f til greiðslu á umboðslaunum að fjárhæð \$ 2.500.00 með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Mál þetta var þar þingfest 20. júní 1969, og sótti þá þing lögmaður stefnda og fékk frest til þess að skila greinargerð.

Hinn 19. september 1969 var skilað greinargerð af hálfu stefnda, og var þar krafizt frávísunar og sú krafa rökstudd með því, að mál þetta hafi borið að höfða á varnarþingi stefnda, sem sé Mosfellssveit í Gullbringusýslu, sbr. dskj. nr. 8, en það er vottorð úr hlutafélagaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Hinn 23. desember 1969 var í sjó- og verzlunardóminum kveðinn upp úrskurður, þar sem hin framkomna frávísunarkrafa var ekki tekin til greina.

Hinn 27. febrúar 1970 var málið tekið fyrir að nýju, og var þá lögð fram greinargerð af hálfu stefnda um efnishlið málsins svo og 13 fylgiskjöl. Síðan hafa lögmenn aðilja tekið sameiginlega fresti til gagnaöflunar til 18. desember s.l., en þá lýstu þeir yfir, að gagnaöflun væri lokið. Tvær yfirheyrslur höfðu þá farið fram í málinu. 27. maí 1970 var Ásbjörn Sigurjónsson, sölustjóri hins stefnda fyrirtækis, yfirheyrður, og 18. desember 1970 var Pétur Pétursson, framkvæmdastjóri stefnda, yfirheyrður. Er málið var tekið fyrir 15. janúar s.l., kom að tilhlutan dómsins fyrir dóm að nýju til yfirheyrslu Ásbjörn Sigurjónsson. Þá lögðu lögmenn aðilja fram tvö skjöl og lýstu að nýju yfir að gagnaöflun væri lokið, og fór síðan fram munnlegur flutningur málsins. Hafði þá verið leitað um sættir í málinu, en án árangurs.

Við munnlegan flutning málsins breytti lögmaður stefnanda kröfum sínum á þá leið, að hann krafðist þess, að stefnda verði dæmt til þess að greiða \$ 2.267.59 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins. Krafa þessi er 5% af \$ 45.351.80, sbr. dskj. nr. 54. Lögmaður stefnanda gerði þá varakröfu, fari svo, að aðalkrafan verði ekki tekin til greina, að stefnda verði dæmt til að greiða

stefnanda þóknun eftir mati réttarins og málskostnað að mati réttarins.

Hinn 5. febrúar s.l. var málið endurupptekið samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 til þess að gefa lögmanni stefnda kost á því að leggja fram samning á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda.

Var málinu frestað í því skyni til 12. febrúar 1971. Þá er málið var tekið fyrir þann dag, upplýsti lögmaður stefnda, að ekki væri til neinn heildarsamningur á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda, en lögmaðurinn lagði fram dskj. nr. 57—73, en það eru ýmiss konar bréfaviðskipti vegna viðskipta Reynolds Yarns Inc. og stefnda.

Fór síðan fram málflutningur að nýju, og gerðu lögmenn aðilja sömu kröfur og í málflutningi 15. janúar s.l., og var málið dómtekið að nýju.

Málavextir virðast vera þeir, að stefnandi, sem er amerískur kaupmaður, og Ásbjörn Sigurjónsson, núverandi sölustjóri hins stefnda fyrirtækis og fyrrverandi forstjóri, hafi verið kunnugir um nokkurra ára bil. Á árinu 1967 hafi stefnandi fengið lopapakkningar hjá stefnda eða Ásbirni Sigurjónssyni, sem hann síðar hafi greitt. Þessar vörur hafi stefnandi flutt með sér til Bandaríkjanna.

Í september 1967 hafi stefnandi haft samband við Reynolds Yarns Inc. og kynnt fyrirsvarsmanni þess fyrirtækis, Thomas Reynolds, vörurnar, og Reynolds virðist hafa haft áhuga á vörunum, sbr. dskj. nr. 5, sem er bréf, dags. 18. september 1967, frá Reynolds Yarns Inc. til stefnda.

Í nóvember 1967, sbr. dskj. nr. 15, er Harry Sooker, starfsmaður Icelandic Arts and Crafts Inc., en það er fyrirtæki, sem nokkur íslenzk iðnfyrirtæki, þar á meðal stefndi, stofnuðu í Bandaríkjunum til þess að annast sölu á framleiðsluvörum sínum, að reyna að hafa samband við Thomas Reynolds vegna Álafosslopans, og áttu þeir síðan mörg símtöl og eitthvað í bréfaskriftum, og einnig hittust þeir, sbr. dskj. nr. 12. Á árinu 1968 tókust síðan samningar á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda um sölu á lopa til Bandaríkjanna, og hefur sú sala samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda numið \$ 45.351.80 á árinu 1968, sbr. dskj. nr. 54.

Lögmaður stefnda sagði við munnlegan flutning málsins, að þessi sala hefði margfaldast á árinu 1969 og svo enn á árinu 1970. Forstjóri stefnda hefur haldið því fram fyrir dómi 18. desember

s.l., að Reynolds Yarns Inc. fái engin umboðslaun af vörum þeim, sem þeir flytja til Bandaríkjanna, heldur kaupi þeir vörurnar á ákveðnu verði og á eigin ábyrgð. Harry Sooker, starfsmaður Icelandic Arts and Crafts Inc., mun hafa fengið \$ 1.500.00 fyrir aðstoð sína við að koma á samningum á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda, sbr. dskj. nr. 23.

Ágreiningur þeirra málsaðiljanna er um það, hvort stefnandi hafi verið umboðsmaður stefnda í Bandaríkjunum eða ekki, hvort samið hafi verið um 5% umboðslaun til handa stefnanda af vörusölu stefnda í Bandaríkjunum eða ekki.

Um leið er ágreiningur með málsaðiljum um það sem hvað stefnandi hafi fengið sýnishorn af lopapakkningum og sem hvað stefnandi hafi komið fram í Bandaríkjunum, þá er hann hafði samband við Reynolds Yarns Inc., og þá jafnframt, hvort stefnandi hafi átt þátt í því, að viðskipti tókust á milli Reynolds Yarns Inc. og stefnda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Ásbjörn Sigurjónsson hafi leitað til stefnanda, er hann hafi verið staddur hér haustið 1967, og beðið hann um að annast um sölu fyrir sig á bandarískum markaði á framleiðsluvörum stefnda, þá aðallega öskjum með prjónagarni. Stefnandi hafi áskilið sér í umboðslaun fimm af hundraði af verði vörunnar f.o.b. Reykjavík og hafi honum verið afhent sýnishorn. Hafi hann þegar tekið að vinna að þessum málum, þegar heim hafi verið komið, og hafi honum tekizt að vekja áhuga firmans Reynolds Yarns Inc. á kaupum á þessum vörum, er von bráðar hafi leitt til viðskipta milli umrædds firma og stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi mjög óskað eftir því að fá að vera umboðsmaður stefnda í Bandaríkjunum, en því hafi alltaf verið neitað af hálfu stefnda. Þá er Ásbjörn Sigurjónsson kom fyrir dóm 15. janúar s.l., sagðist hann aldrei hafa leitað aðstoðar stefnanda við markaðsöflun, en sagði, að stefnandi hafi leitað mikið eftir því að fá að selja vörur frá Álafossi í Bandaríkjunum. Ábjörn sagði, að þær pakkningar, sem stefnandi hafi fengið, hafi hann keypt sem einstaklingur, ekki sem umboðsmaður, og hafi ekkert verið samið um umboðslaun. Síðar í sama réttarhaldi sagði Ásbjörn Sigurjónsson, að hann hafi gjarnan viljað, að stefnandi seldi eitthvað af þessum lopapakkningum í ákveðinni verzlun í hverfinu, sem stefnandi býr í. Þetta sagðist Ásbjörn Sigurjónsson hafa viljað til þess að sjá, hvort vörurnar seldust í búið.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi fengið þessar lopapakkningar sem umboðsmaður stefnda, en það, að stefnandi greiddi lopapakkningarnar, hafi verið vegna mikilla fjárhagsörðugleika stefnda, sbr. dskj. nr. 41.

Ekki hafa af hálfu stefnanda verið lögð fram nein gögn, sem styðji þá fullyrðingu hans, að samið hafi verið um umboðslaun. Í málinu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 29 bréf frá stefnanda, dags. 30. ágúst 1968, til Péturs Péturssonar, framkvæmdastjóra stefnda, en þar segir m. a. í íslenskri þýðingu: „Mér mundi þykja mjög vænt um að fá frá þér nokkur orð með uppástungu um lausn á þessu máli. Ég mundi verða algjörlega ásáttur um þess konar fyrirkomulag, að ég fengi teppi á heimilið, ef þú heldur ekki, að umboðslaun eigi rétt á sér“. Þessi uppástunga stefnanda þykir veikja mjög fullyrðingu hans um, að samið hafi verið um ákveðin umboðslaun.

Þá er núverandi framkvæmdastjóri stefnda, Pétur Pétursson, kom fyrir dóm, sagði hann, að skömmu eftir að hann byrjaði störf sín hjá stefnda, en það hafi verið 1. júlí 1968, hafi stefnandi átt tal við framkvæmdastjórann og sagt honum, að stefnandi hafi kynnt vörur stefnda í Bandaríkjunum, og þar á meðal fyrir Reynolds, og hafi stefnandi sagzt telja, að hann ætti rétt til einhverrar þóknunar, og hafi stefnandi minnzt á teppi í því sambandi. Um það bil 2 mánuðum síðar hafi stefnandi haft samband við framkvæmdastjórann og þá upplýst, hve mikið magn af teppum hann vildi fá. Ekki mundi framkvæmdastjórinn, hve mikið það var, en sagði, að það hafi verið það mikið, að sér hafi ekki þótt vera hægt að verða við kröfum stefnanda. Sagðist framkvæmdastjórinn halda, að það, sem stefnandi hafi farið fram á, hafi verið teppi fyrir eitt til tvö hundruð þúsund krónur. Framkvæmdastjórinn sagði, að þá er stefnandi fyrst fór fram á teppi sem þóknun, þá hafi hann ekki tekið afstöðu til óska stefnanda, en sagðist þó hafa frekar verið jákvæður gagnvart þeirri hugmynd, að stefnandi fengi smáteppi svona til að leysa málið.

Undir rekstri málsins hefur ekkert komið fram, er sanni þá fullyrðingu stefnanda, að samið hafi verið um umboðslaun. Þegar lítið er til þess, að stefnandi hefur sjálfur stungið upp á því að fá teppi á heimilið, ef umboðslaun ættu ekki rétt á sér, sbr. dskj. nr. 29, þá er ekki unnt gegn neitun stefnda að taka kröfu stefnanda um umboðslaun til greina.

Þá er að líta á varakröfu stefnanda um þóknun fyrir þau störf,

sem hann hafi látið í té í sambandi við markaðsöflun fyrir stefnda í Bandaríkjunum.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að stefnandi hafi ekki átt nokkurn þátt í því, að Reynolds Yarns Inc. hafi hafið viðskipti við stefnda.

Í málinu hafa verið lögð fram m. a.: bréf frá Reynolds Yarns Inc. til stefnda, dags. 18. september, dskj. nr. 5, bréf frá sama aðilja til stefnda, dags. 23. maí 1969, dskj. nr. 22, og skýrsla Harry Sooker um viðskipti hans við Reynolds Yarns Inc. Skýrslan er dags. 12. janúar 1968 og er dskj. nr. 19. Af þessum skjölum virðist sem stefnandi hafi fyrstur kynnt vörur stefnda fyrir Reynolds Yarns Inc. Þá er Ásbjörn Sigurjónsson kom fyrir dóm 27. maí s.l., sagði hann, að stefndi hafi gefið Harry Sooker upp „adressu“ Reynolds Yarns Inc. Ekki kvaðst Ásbjörn vita nákvæmlega, hvenær stefndi tilkynnti Icecraft um þessar „adressur“. Ekki upplýsti Ásbjörn, hvaðan hann hefði fengið þessar „adressur“.

Eins og áður er rakið, hefur því verið haldið fram af hálfu stefnda, að stefndi hafi ekki viljað hafa stefnanda sem umboðsmann. Dskj. nr. 21, sem er bréf frá stefnda, undirritað af Ásbirni, til stefnanda, dags. 4. september 1967, þykir benda til þess, að stefnandi hafi komið fram með vitund og vilja stefnda. Í þessu bréfi segir m. a.: „I told them you were going to help us to find the right business contacts“. Síðar í sama bréfi segir svo: „I really don't know what to do, but you have the samples with you and you can see what you can find out, but don't let this spoil our friendship if this can not be of any business“. Dskj. nr. 21 hefur verið borið undir Ásbjörn Sigurjónsson, þá er hann hefur komið fyrir dóm til yfirheyrslu. Í vitnaleiðslu 27. maí 1970 var Ásbjörn beðinn um að útskýra, hvað hann hefði meint, þá er hann skrifaði bréfið, og voru útskýringar hans fremur óljósar, en hann sagði, að bankastjórarnir, sem hann minnst á í bréfinu, hafi verið tveir menn í framkvæmdasjóði og hafi þeir sagt, að ekki kæmi til mála, að Herbert Stiefel yrði umboðsmaður, og hafi þeir þar verið sammála honum. Þá er Ásbjörn Sigurjónsson kom fyrir dóm 15. janúar s.l., var honum bent á 1. mgr. í bréfi á dskj. nr. 21, og sagðist hann hafa sagt bankastjórunum, að stefnandi vildi vinna að markaðsöflun fyrir stefnda, en bankastjórarnir hafi verið á móti því, að verið væri að breyta um mann, þar sem Harry Sooker hafi verið að vinna að þessum málum.

Þegar á það er litið, sem að framan hefur verið rakið, þykir

allt benda til, að stefndi hafi heimilað stefnanda að gera tilraun til að koma á markað í Bandaríkjunum þeim framleiðsluvörum stefnda, sem í málinu greinir. Á hinn bóginn hefur ekki verið leitt í ljós, að leitað hafi verið til stefnanda af hálfu stefnda, og ekki hefur heldur verið sýnt fram á, að atvik hafi verið með þeim hætti, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að honum einum væri falinn þessi starfi af stefnda. Einnig er með öllu ósannað, að fyrirsvarsmenn stefnda hafi lofað stefnanda þóknun fyrir þau störf, sem hann kynni að leysa af hendi í þágu stefnda. Kemur þá aðeins til athugunar, hvort starf stefnanda hafi að öðru leyti verið þannig vaxið, að honum beri þóknun fyrir það.

Skýrt kemur fram af gögnum málsins, að ná hefur þurft samkomulagi um fjölmörg atriði varðandi umræddar framleiðsluvörur stefnda, áður en viðskipti gátu hafizt milli stefnda og bandaríska fyrirtækisins Reynolds Yarns Inc. á árinu 1968. Á það bæði við gæði, verð og umbúnað vörunnar. Var það og í alla staði eðlilegt, þar sem um var að ræða vöru, sem var ekki þekkt á markaði í Bandaríkjunum og hafði af þeim sökum t. d. ekki neitt ákveðið markaðsverð þar. Milligöngu í þessu tilliti hafði fyrrgreindur starfsmaður fyrirtækisins Icelandic Arts and Crafts Inc., sem stefndi átti hlut í, og hafði það hlutverk að afla markaðar fyrir íslenzkar vörur í Bandaríkjunum. Hafði fyrirtæki þessu verið falið að leita eftir markaði fyrir umrædda vöru stefnda sumarið 1967. Milliganga þessi hefur verið umfangsmikið starf, sem nefndur maður mun hafa verið farinn að annast á eigin spýtur, áður en lauk.

Eins og áður hefur verið vikið að, kynnti stefnandi fyrirsvarsmanni Reynolds Yarns Inc. umrædda vöru, en fyrirtæki þetta mun þá hafa verið búiið að verzla um árabíl með skyldar vörur í Bandaríkjunum. Þá liggur fyrir í málinu, að í framhaldi af þessari kynningu stefnanda ritaði nefnt fyrirtæki stefnda bréf og lýsti áhuga sínum á viðskiptum. Virðist stefndi ekki hafa svarað bréfi þessu, þótt til þess væri mælt af hálfu stefnanda. Þegar fyrrgreindur aðdragandi að viðskiptum stefnda og hins bandaríska fyrirtækis er virtur, verður þrátt fyrir síðastgreint atvik ekki talið, að stefnandi hafi sýnt nægilega fram á, að hans starf hafi leitt til þess, að greind viðskipti komust á. Verður stefnandi því ekki talinn eiga rétt til þóknunar fyrir starf sitt. Eins og á stendur, þykir það eigi geta haggað þessari niðurstöðu, að fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda hefur viðurkennt að hafa einhvern tíma fært bandaríska fyrirtækið í tal við mann

þann, sem samkvæmt framansögðu hafði milligönguna með höndum.

Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, verða því úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, formaður dómsins, Gaukur Jörundsson prófessor og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, Álafoss h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Herberts J. Stiefels, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.
